



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK
Berist til nefndasviðs alþingis
efnahags- og viðskiptanefndar og
fjárlaganefndar.

Alþingi
Erindi nr. P 143/41
komudagur 25.10.2013

25. október 2013
Tilvísun: 2013100015/10.4

**Umsögn um frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014
(verðlagsbreytingar o.fl.), 3. mál**

Með erindi dagsettu 10. október sl. var þess óskað að Fjármálaeftirlitið skilaði athugasemdum við framangreint frumvarp til laga, eigi síðar en 28. okt. til nefndasviðs Alþingis. Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að gera fimm athugasemdir:

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 12. gr. í VI. kafla frumvarpsins sem hljóði svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað „0,0323%“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: 0,02879%.
- b. Í stað „0,0292%“ í b-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: 0,02605%.
- c. Í stað „0,404%“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 0,3234%.
- d. Í stað „0,223%“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 0,1786%.
- e. Í stað „0,0344%“ í 6. tölul. 1. mgr. kemur: 0,0316%; og í stað „0,015%“ kemur 0,0135%; og í stað „200.000 kr.“ kemur 150.000 kr.
- f. Í stað „0,0114%“, „1.200.000 kr.“, „1.930.000 kr.“, „3.370.000 kr.“, „6.260.000 kr.“ og „7.260.000 kr.“ í 9. tölul. 1. mgr. kemur: 0,01022%; 1.180.000 kr.; 1.900.000 kr.; 3.310.000 kr.; 6.150.000 kr.; og: 7.140.000 kr.
- g. Í stað „0,0068%“ í 11. tölul. 1. mgr. kemur: 0,00606%.
- h. Í stað „0,0088%“ í 12. tölul. 1. mgr. kemur: 0,00785%.
- i. Í stað „6.000.000 kr.“, „3.000.000 kr.“ og „1.000.000 kr.“ í 2. másl. 9. mgr. kemur: 3.000.000 kr.; 1.500.000 kr.; og: 500.000 kr.

Breytingin byggir á því að láðst hafi að færa inn í greinina tillögu Fjármálaeftirlitsins, sem fram kemur í áðursendri skýrslu til ráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað fyrir árið 2014, um álagningarhlutfall á viðskiptabanka. Nýjum staflíð a. hefur því verið bætt inn í greinina og er þeim staflíðum sem á eftir koma breytt til samræmis við það. Þá eru forsendur fyrir tillögu um álagningarhlutfall og lágmarksgjald á fagfjárfestastjóði, sbr. lið d. í 12. gr. frumvarpsins, breytt frá því sem fyrir lá þegar tillaga um álagningarhlutfall og lágmarksgjald var lögð fram. Því er nú lagt til að álagningarhlutfall á þessa aðila verði lækkað úr 0,015% í 0,0135% og lágmarksgjaldið úr 200.000 kr. í 150.000 kr. Þessar breytingar hafa verið færðar inn í greinina, nú undir staflíð e.

Með þessum hætti endurspeglar 12. gr., lagafrumvarpsins þær 1.608,6 millj. kr. sem áætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2014 gerir ráð fyrir sem tekjum af eftirlitsgjaldi og kynnt var Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila og fjármála- og efnahagsráðherra lögum samkvæmt.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Í öðru lagi er lögð til breyting á texta með athugasemdum við 12. gr frumvarpsins, þannig að textinn skýri betur þær breytingar sem verða á álagningarhlutföllum og lánmarks- og fastagjöldum eftirlitsgjalds. Lagt er til að athugasemdin sé eins og hér á eftir:

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir lækkun gildandi álagningarhlutfalla viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, greiðslustofnana, rafeyrisfyrirtækja, váttryggingafélag, váttryggingamiðlara, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, fagfjárfestastjóða, lífeyrissjóða, íbúðalánastjóða og Lánastjóða sveitarfélaga. Einnig er þar gert ráð fyrir lækkun á fastagjöldum fjármálafyrirtækja sem stýrt er af slitastjórn eða bráðabirgðastjórn, fastagjöldum lífeyrissjóða og lágmarksgjaldi fagfjárfestastjóða. Álagningarhlutföll, lágmarksgjöld og fastagjöld annarra eftirlitsskyldra aðila standi í stað.

Miðað er við rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2014, sem gerir ráð fyrir að kostnaður við rekstur embættisins nemi um 2.022,9 millj. kr. á komandi ári. Í samræmi við 3. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er jafnframt tekið mið af áætluðum rekstrarafgangi stofnunarinnar í árslok 2013 að frádregnum varastjóði upp á 80 millj. kr. Þá er enn fremur lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði gert að hagræða í rekstri í samræmi við hagræðingarkröfur í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2014. Innheimtunni er samkvæmt því ætlað að skila tekjum sem svara til um 1.580 millj. kr.“.

Í athugasemdinni hér að ofan er vísað til rekstrarkostnaðar embættisins sem nemi um 2.022,9 millj. kr. Það er breyting frá fyrri texta sem tiltók 2.168 millj. kr. Munar þar áður áætluðum IPA styrk fyrir árið 2014 að fjárhæð 145,2 millj. kr. sem er niður fallinn.

Þriðja athugasemd Fjármálaeftirlitsins er að framangreindar breytingartillögur í 12. gr. frumvarpsins taka mið af framlagðri rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2014 þar sem gert er ráð fyrir 1.608,6 millj. kr. tekjum af eftirlitsgjaldi á árinu. Í athugasemdunum með frumvarpinu um 12. gr.: segir hins vegar: „Þá er ennfremur lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði gert að hagræða í rekstri í samræmi við hagræðingarkröfur í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2014. Innheimtunni er samkvæmt því ætlað að skila tekjum sem svara til um 1.580 millj. kr.“ Þarna er um misræmi að ræða og vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á því.

Í fjórða lagi mótmælir Fjármálaeftirlitið að stofnuninni sé gert að sæta almennri hagræðingarkröfu sem nemur 1,5% þannig að eftirlitsgjald lækki um 27 millj. kr. eða úr 1.608,6 millj. kr. í 1.580 millj. kr. Fjármálaeftirlitið innheimtir eftirlitsgjald af 113 starfsleyfisskyldum fyrirtækjum og öðrum sem starfa samkvæmt sérlögum, samtals 200 aðilum. Innheimtar tekjur stofnunarinnar eru í þeim skilningi ekki ríkisútgjöld heldur endurspegla vel rýndan rekstrarkostnað eftir góð og mótuð lögbundin samskipti við Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila í samræmi við lög nr. 99/1999. Eftirlitsgjaldið fyrir árið 2014 er áætlað 1.608,6 millj. kr. og er gert ráð fyrir að það lækki um 8,4% milli ára eða sem nemur 146,7 millj. kr. Við ákvörðun eftirlitsgjaldsins fyrir árið 2013 var lögð til sambærileg 6,6% lækkun frá árinu 2012 eða sem nam 124,4 millj. kr. Til frekari skýringa er þessi mikla lækkun á eftirlitsgjaldinu tvö ár í röð tilkomin vegna þess að eigið fé stofnunarinnar, í árslok 2012 (um 622,8 millj. kr.) er ekki ætlað að nemi hærri fjárhæð en 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs (sbr. lög nr. 99/1999).

Fimmta athugasemd Fjármálaeftirlitsins beinist að því að að 1,5% hagræðingarkrafa, eða 27 millj. kr., er ekki aðeins reiknuð af áætluðu eftirlitsgjaldi eins og það birtist í fjárlögum ársins 2013, heldur jafnframt af áætluðum IPA styrk að fjárhæð 122,2 millj. kr. sem að kröfu Ríkisendurskoðunar var talinn til tekna og gjalda í fjárlögum ársins 2013 en kom aldrei til.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Loks vill Fjármálaeftirlitið geta þess að árlegur rekstrarkostnaður stofnunarinnar nemur um 2.000 til 2.100 millj. kr. miðað við óbreytta starfsemi og eru þá ekki meðtaldar þær 500 m.kr. sem áður voru áætlaðar til umbótaverkefna fyrir tilstilli IPA styrks ESB, sem nú er niður fallinn. Framundan er átaksverkefni við að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar og getu hennar til að sinna nauðsynlegum verkefnum. Fyrirsjáanlegt er að gera verður ráð fyrir töluverðri hækkun eftirlitsgjalds að nýju á árinu 2015 þar sem lækkun undanfarinna ára er vegna uppsöfnunar eigin fjár frá árinu 2012 líkt og að framan greinir.

Afrit sent til Fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Unnur Gunnarsdóttir


Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir